



Bæjarráð Kópavogsbæjar

Reykjavík, 30. september 2025

Varðar: Fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Á 274. stjórnarfundum sínum þann 19. september sl. samþykkti stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) meðfylgjandi fjárhagsáætlun slökkviliðsins fyrir árin 2026-2030. Hún er nú send aðildarsveitarfélögum SHS til staðfestingar í samræmi við stofnsamning þess.

Fjárhagsáætlun SHS byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun hefur verið samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og send aðildarsveitarfélögunum til samþykktar. Fjárhagsáætlunin er því lögð fram með fyrirvara um að það samþykki gangi eftir.

Fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2026, ásamt rammaáætlun til ársins 2030, byggir á áætlun og útkomuspá ársins 2025 og áður samþykktum forsendum, þ.e. vísitölupróun skv. þjóðhagsspá í mars 2025.

Áætlunin gerir ráð fyrir 4,4% hækkun launavísitölu og 2,7% hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2026. Rammaáætlun er á verðlagi ársins 2026 og gerir ráð fyrir að áður samþykkt bygging nýrrar slökkvistöðvar við Tónahvarf eigi sér stað á tímabilinu og stöðin verði tekin í notkun árið 2030, en að fjölgun starfsmanna vegna hennar, sem og til styrkingar á forvarnasviði, gerist í áföngum.

Óski bæjarráð frekari skýringa á áætluninni er sjálfsagt að undirritaður verði viðstaddur þegar hún verður tekin til umfjöllunar.

Virðingarfyllt,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og
framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Meðfylgjandi: Fjárhagsáætlun SHS 2026-2030, dags. 19. september 2025.

Samrit sent borgar- og bæjarráðum annarra aðildarsveitarfélaga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.